

Mánudaginn 18. maí.

Nr. 52/1913

Ólafur Jónsson

gegn

Ráðherra Íslands fyrir hönd
landssjóðs.

Dómur:

Í desembermánuði 1911 tilkynti Halldór Jónsson kaupmaður í Vik hreppstjóranum í Hvammshreppi að farið hefði verið í sölubúð hans þar í kauptúninu, að ætlun hans að næturþeli, og teknir þaðan peningar, bæði úr búðarskúffu og úr peningaskáp í skrifstofunni, sem hafði verið opnaður. Um þetta hóf sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu rannsókn í marzmánuði 1912 og lauk henni í júnímánuði s. á., án þess að neitt yrði uppvíst um þjófnaðinn. En 26. sept. s. á. tilkynti nefndur kaupmaður sýslumanni, að aftur hefði verið farið í búðina þá um nóttina og tekið þar dálítið af peningum, þó eigi stórvægilegt, og enn kærði hann það fyrir sýslumanni 30. okt. s. á., að farið hefði verið í búðina aðfaranóttina 28. s. m. og þá teknir tveir 5 krónu seðlar og nokkuð af silfurpeningum, Ætlaði hann að stuldir þessir hefðu verið framdir á næturþeli, en eigi hafði hann orðið var við neinar skemdir eða merki þess, að ofbeldi hefði verið beitt. Við rannsókn, sem hafin var 1. nóv. um þjófnað þennan, þótti grunur falla á Ólaf Jónsson myndasmið þar í kauptúninu um að vera valdur að honum og var hann samkvæmt úrskurði rannsóknardómarans, uppkveðnum 14. s. m. látinn í gæzluvarðhald, og sat hann þar frá nefndum degi til 24. febr. f. á. Að rannsókninni

lokinni voru réttarprófin send til stjórnarráðsins, en það úrskurðaði, að eigi skyldi höfða mál út af þeim.

Nefndur myndasmiður hefir nú, að fenginni gjafsókn og með skipuðum málaflutningsmänni samkvæmt lögum nr. 28, 26. okt. 1893 höfðað mál þetta fyrir yfirdómi gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs og krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju og tjón það alt og hnekki, sem hann hafi af því beðið með þeirri upphæð, er dómurinn áleti hæfilega.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að hann verði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður eftir mati yfirdómsins.

Það byggist eingöngu á framburði nefnds kaupmanns Halldórs Jónssonar að áminstur þjófnaður hafi verið framinn, engir aðrir hafa eftir skýrslum málsins orðið varir við það eða séð nein merki þess, og með skýrslu kæranda, sem hann hefir eigi verið látinn staðfesta með eidi, er þá eigi fengin óbyggjandi sönnun þess, að þjófnaðurinn hafi átt sér stað. En þar sem ekkert er framkomið, er gefi ástæðu til að tortryggja kæranda eða vefengja framburð hans, virðist þó eiga að taka skýrslu hans hér að lútandi gilda.

Um þjófnaðinn, sem á að hafa verið framinn aðfaranótt 26. sept. 1912, er ekkert við rannsóknina upplýst, er beri böndin að sækjanda um að vera valdur að honum, en um þjófnaðinn aðfaranótt 28. okt. hefir rannsókninni sérstaklega verið beint að tveimur atriðum, að útiveru sækjanda og göngu þessa nótt í nánd við og fram hjá sölubúð kæranda, og að peningaráðum, kaupskap og fjárreiðum sækjanda næstu dagana á eftir.

Um hið fyrra atriðið er það upplýst, að um kveldið og nóttina fyrir 28. okt. var tombóla og dansleikur haldinn í kaптúninu og var þar margt manna saman komið. Sækjandi var á dansleiknum til enda, fór þaðan burtu aðeins stutta stund og var þá með öðrum manni. Að dansinum loknum var hann á gangi um þorpið með ýmsum mönnum, þangað til hann fór heim til sín og háttaði, að sögn hans um kl. 5 um morguninn. Sækjandi kannaðist við, að hann á þessari göngu sinni heiði gengið fram hjá og vestur fyrir búð kæranda og farið þar inn á náðahús, og morguninn eftir sá kærandi mannspor í sandinum sunnan við búðina og upp að vestustu búðardyrnum; þóttu þessi spor, sem kærandi mældi, geta verið eftir sækjanda. En hann neitar því að hann hafi gengið upp að búðardyrnum og hélt því fram, að annar maður hefði verið með sér um það leyti, sem hann fór á náðahúsið, eða bæði undan og eftir; að vísu kemur vitnisburður þessa manns ekki með öllu heim við skýrslu sækjanda, en framburður hans kemur eigi heldur að öllu leyti heim við aðrar vitnaskýrslur, enda var hann við vinnu og eigi alls gáður. Það sem þannig vitnaðist um útiveru sækjanda téða nótt og umferð hjá sölubúð kæranda, verðeigi talið svo þungt á metunum, að á því verði byggður rökstuddur grunur gegn honum, sérstaklega verður ekkert í þessa átt lagt upp úr sporum þeim, er kærandi athugaði hjá búðinni, og sem hann segir hafi verið óskýr og erfitt að mæla. Þar sem margir menn voru á gangi fram og aftur um kaптúnið þessa nótt, enda verður eigi fortekið, að sporin hafi verið eftir einhvern, sem ætlaði í búðina í verzlunarerindum um morguninn áður en hún hún var opnuð.

Um hið siðartalda atriði kom það fram við rannsóknina, að sækjandi hafði engu meiri peningaráð eftir aðfaranóttina að 28. okt. heldur en áður, hann var peningalaus að kalla má, og gerði grein fyrir þeim smáupphæðum, sem hann hafði látið úti, svo að fáeinum aurum munaði, en ekkert vitnaðist um það, að hann hefði haft 5 krónu seðla handa á milli, en að sögn kæranda áttu þess kyns seðlar að hafa verið teknir úr búðinni við síðasta innbrotið.

Þá kom það og fram við réttarprófin, að lykill að herbergi, sem sækjandi bjó í um tíma, þangað til fyrstu dagana í októbermánuði 1912, gekk að skránni fyrir vestustu hurðinni í sölubúð kæranda, en eftir vitnisburðunum um þetta málsatriði eru engar líkur til að sækjandi hafi haft þennan lykil í vörzlum sínum eftir að hann flutti úr herberginu, og tvö vitni, sem sérstaklega voru til þess kvödd, að athuga skrána fyrir búðarhurðinni; hafa látið uppi það álit, að skráin sé mjög einföld, ekkert mein í henni, og að hægt sé að stinga hana upp með mjög einföldu áhaldi.

Samkvæmt því sem nú hefir verið sagt, hefir eigi neitt komið fram við rannsóknina, er styrkir grun þann er féll á sækjanda um að vera valdur að innbrotspjófnaði í sölubúð Halldórs kaupmanns Jónssonar í Vík, og það virðist þá eftir öllum málavöxtum mega gera ráð fyrir, að hann sé saklaus af glæp þeim, er tilefni gaf til þess, að hann var settur í gæzluvarðhald, og með því að sækjandi var þess eigi heldur valdandi með framferði sínu, á hann samkvæmt fyrgreindum löguin 26. okt. 1893 tilkall til skaðabóta úr landssjóði fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, er hann hefir beðið af varðhaldsvistinni, og:

þykir eftir atvikum hæfilegt að ákveða bæturnar 200 krónur.

Málskostnaður á að falla niður, með því að málið er flutt með gjafsókn af hálfu beggja aðila. Flutningur málsins fyrir yfirdóminum hefir verið lögmætur, og berskipuðum málaflutningsmanni sækjanda 25 krónur í málfærslulaun, er greiðist úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Sækjanda Ólafi Jónssyni myndasmið skal greiða 200 krónur úr landssjóði. Málskostnaður falli niður. Skipuðum málafærslumanni sækjanda, Gísla Sveinsyni yfirréttarmálaflutningsmanni greiðist 25 krónur í málaflutningslaun úr landssjóði.

Mánudaginn 25. maí.

Nr. 18/1914

Lyder Höydal

gegn

Jóni Laxdal

f. h. Jakobs Gunnlögssonar.

Dómur:

Þegar mál þetta átti samkvæmt áfrýjunarstefnu dags. 6. apríl þ. á., að taka fyrir í yfirdóminum 4. þ. m. kom áfrýjandi eigi í réttinn og enginn með umboð hans, en